

**2005 nr. 49 17. maí****Lög um fullnustu refsinga**

Tóku gildi 1. júlí 2005.

**I. kafli. Stjórn og skipulag fangelsismála.****■ 1. gr. Yfirstjórn fangelsismála.**

□ Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn fangelsismála.

**■ 2. gr. Hlutverk fangelsismálastofnunar.**

□ Fangelsismálastofnun sér um fullnustu refsinga og önnur verkefni í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.

□ Fangelsismálastofnun hefur umsjón með rekstri fangelsa.

**■ 3. gr. Vistun í fangelsi.**

□ Í fangelsi er sá vistaður sem dæmdur er til fangelsisrefsingar, afplánar vararefsingu fésekta eða sætir gæsluvarðhaldi.

□ Gæsluvarðhaldsfanga má vista meðal afplánunarfanga ef einangrun telst ekki nauðsynleg.

□ Í sérstökum tilvikum má um skemmri tíma vista afplánunarfanga í fangageymslum lögreglu.

□ Heimilt er, ef aðstæður leyfa, að vista gæsluvarðhaldsfanga í skamman tíma í fangageymslum lögreglu, þó ekki lengur en í fjóra sólarhringa, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

**■ 4. gr. Forstjóri fangelsismálastofnunar.**

□ Ráðherra skipar forstjóra fangelsismálastofnunar til fimm ára í senn. Forstjóri skal vera lögfræðingur. Forstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar.

**■ 5. gr. Forstöðumaður fangelsis.**

□ Ráðherra skipar forstöðumann fangelsis til fimm ára í senn. Heimilt er að fleiri en ein stofnun heyri undir sama forstöðumann.

**■ 6. gr. Fangaverðir.**

□ Forstjóri fangelsismálastofnunar skipar fangaverði til fimm ára í senn. Áður en fangaverður er skipaður skal hann hafa lokið prófi frá Fangavarðaskóla ríkisins. Forstöðumaður fangelsis ræður aðra starfsmenn.

□ Fangaverðir mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.

□ Ríkissjóður skal bæta fangavörðum líkamstjón og munaþjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

**■ 7. gr. Heimild til valdbeitingar.**

□ Starfsmönnum fangelsa er heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna ef það telst nauðsynlegt til:

1. að koma í veg fyrir strok,

2. að verjast yfirvofandi árás, yfirbuga grófa mótspyrnu, að hindra að fangi skaði sjálfan sig eða aðra og til að koma í veg fyrir skemmdarverk,

3. að framkvæma fyrirskipaðar aðgerðir sem þörf er á að framkvæma þegar í stað og fangi hafnar eða lætur ógert að fylgja fyrirmælum um.

□ Valdbeiting getur falist í líkamlegum tókum eða beitingu viðeigandi varnartækja.

□ Kalla skal til lækni eftir valdbeitingu ef grunur er um að hún hafi valdið skaða, ef um sjúkdóma er að ræða eða ef fangi óskar sjálfur lækniástoðar.

**■ 8. gr. Þagnarskylda.**

□ Starfsmönnum fangelsismálastofnunar, fangavörðum og öðrum sem starfa í fangelsum ber þagnarskylda um atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Þagnarskyldan tekur til upplýsinga um einkahagi fanga og

þeirra sem þeim tengjast og sem eðlilegt er að leynt fari, upplýsinga er varða öryggi fangelsa og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, starfsreglum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

**II. kafli. Fullnusta óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga o.fl.****■ 9. gr. Almenn.**

□ Fangelsismálastofnun tekur við refsisdómum til fullnusta frá ríkissaksóknara.

**■ 10. gr. Tilkynning um afplánun.**

□ Óskilorðsbundna fangelsisrefsingu skal fullnusta þegar eftir að dómur berst fangelsismálastofnun.

□ Nú er dómþoli ekki þegar í fangelsi og skal fangelsismálastofnun þá tilkynna honum bréflaga, með sannanlegum hætti, og að minnsta kosti með þriggja vikna fyrirvara hvenær og hvar honum ber að mæta til afplánunar. Mæti dómþoli ekki til afplánunar á tilskildum tíma felur fangelsismálastofnun lögreglu að handtaka hann og færa í fangelsi. Komi dómþoli sér hjá því að mæta til afplánunar kann það að hafa áhrif á framgang afplánunar.

□ Nú er dómþoli í gæsluvarðhaldi og skal hann þá þegar hefja afplánun refsingarinnar nema rannsóknarhagsmunir bjóði annað. Afpláni dómþoli aðra fangelsisrefsingu skal síðari fangelsisrefsingin afplánuð í beinu framhaldi.

□ Heimilt er að láta dómþola hefja afplánun án boðunar eða áður en afplánun á að hefjast samkvæmt boðun fremji hann refsiverðan verknáð á ný, hætta er talin á að hann reyni að koma sér undan refsingu eða almannahagsmunir mæla með því.

□ Nú óskar dómþoli eftir að hefja afplánun refsingar fyrr en áætlað er og skal þá orðið við slíkri beiðni ef unnt er.

**■ 11. gr. Frestun afplánunar og náðun.**

□ Nú leitar dómþoli eftir því að afplánun verði frestað og er fangelsismálastofnun þá heimilt að veita stuttan frest mæli sérstakar ástæður með því. Slíkur frestur getur ekki orðið lengri en þrjú mánuðir í heild. Við mat á því hvort fresta skuli afplánun skal taka mið af alvarleika afbrots dómþola, sakarferli, persónulegum högum hans, hversu langt er um liðið síðan afbrot var framið og öðrum þáttum er máli kunna að skipta. Synja skal um frest ef beiðni er fyrst borin fram eftir að afplánun á að vera hafin samkvæmt boðun.

□ Nú fer dómþoli fram á náðun af refsingunni og skal þá fresta fullnustu hennar ef hún er ekki þegar hafin þar til slík beiðni er afgreidd, enda hafi beiðnin komið fram eigi síðar en hálfum mánuði áður en afplánun skal hefjast. Beiðni um náðun frestar ekki fullnustu sé dómþoli þegar í afplánun samkvæmt annarri refsingu.

□ Ekki skal fresta fullnustu vegna ítrekaðrar beiðni um náðun nema í nýju beiðninni komi fram veigamiklar upplýsingar sem ekki var unnt að koma á framfæri áður og sérstakar ástæður mæli með að afplánun verði frestað.

□ Frestur samkvæmt þessari grein er bundinn því skilyrði að dómþoli fremji ekki refsiverðan verknáð. Heimilt er að setja frekari skilyrði fyrir veitingu frests.

□ Nú rýfur dómþoli skilyrði fyrir fresti og getur fangelsismálastofnun þá ákveðið að hann skuli hefja afplánun án fyrirvara. Sama gildir ef dómþoli gefur rangar upplýsingar í beiðni um frestun.

**■ 12. gr. Hlé á afplánun.**

□ Afplánun skal vera samfelld. Þó er heimilt að gera hlé á afplánun ef sérstakar ástæður mæla með því. Hléið skal

bundið skilyrði um að aðili gerist ekki brotlegur meðan á því stendur.

□ Fangi sem lagður er á sjúkrahús telst taka út refsingu meðan hann dvelst þar nema hann hafi sjálfur bakað sér veikindin á ótilhlýðilegan hátt eftir að hann hóf afplánun.

■ **13. gr. Strok.**

□ Stjúki fangi úr afplánun refsivistar telst tími frá stroki, og þar til fangi er settur í fangelsi á ný, ekki til refsítímans.

■ **14. gr. Ákvörðun um vistunarstað.**

□ Fangelsismálastofnun ákveður í hvaða fangelsi afplánun skuli fara fram. Við ákvörðunina skal tillit tekið til aldurs, kynferðis og brotaferils fangans og þyngdar refsingar auk þeirra sjónarmiða sem gilda um vistun í hverju fangelsi fyrir sig.

□ Fangelsismálastofnun getur látið færa fanga milli fangelsa eða frá stofnun til fangelsis. Við slíkan flutning skal, eftir því sem aðstæður leyfa, hafa hliðsjón af búsetu fanga og fjölskyldu hans. Fanga skal tilkynnt fyrir fram um slíkan flutning með minnst sólarhrings fyrirvara og gerð grein fyrir ástæðum flutnings, nema hann teljist nauðsynlegur af öryggisástæðum, vegna heilbrigðis fanga, til að fyrirbyggja ofbeldi, hafi fangi gerst sekur um gróft agabrot, eða fyrir liggja rökstuddur grunur um að fangi hafi fíkniefni eða ólögmat lyf undir höndum. Fanga er heimilt að láta aðstandendur sína og lögmann vita af flutningi milli fangelsa.

□ Forstöðumaður fangelsis getur í öryggisskyni eða vegna sérstakra aðstæðna tekið ákvörðun um að flytja fanga á milli deilda og klefa. Ekki er skylt að gefa fanga kost á að tjá sig áður en slík ákvörðun er tekin en gæta skal hagsmuna fangans í því sambandi.

■ **15. gr. Vistun á sjúkrahúsi o.fl.**

□ Nú er fangi vistaður á sjúkrahúsi um stundarsakir eða allan refsítímamann og getur fangelsismálastofnun þá leitað sérfræðiálits um nauðsyn og tilhögun slíkrar vistunar.

□ Fangelsismálastofnun getur leyft að fangi sé vistaður um stundarsakir eða allan refsítímamann á heilbrigðis- eða meðferðarstofnun. Fangelsismálastofnun getur sett sérstök skilyrði fyrir vistun fanga þar.

■ **16. gr. Upphaf fullnustu í fangelsi.**

□ Þegar fangi hefur afplánun skal skrá upphafs- og lokadag afplánunar.

□ Læknir skal skoða fanga við upphaf afplánunar og ef þörf krefur meðan á afplánun stendur. Skrá skal upplýsingar um heilsufar, sjúkrasögu og upplýsingar um persónulega hagi fanga og hverja fangi óskar eftir að haft sé samband við ef þurfa þykir vegna hagsmuna hans. Þá skal taka andlitsmyndir af fanga.

■ **17. gr. Meðferðar- og vistunaráætlun o.fl.**

□ Við upphaf afplánunar skal afhenda fanga og kynna, á því tungumáli sem hann skilur, samantekt um þær reglur sem um afplánun gilda, um réttindi og skyldur fanga, vinnu og nám sem föngum stendur til boða, reglur viðkomandi fangelsis, hvaða háttsemi varðar agaviðurlögum, um meðferð slíkra mála, upplýsingar um hvert fangi geti skotið ákvörðunum er varða fullnustu refsingarrinnar og upplýsingar um heimild til að beina kvörtun til umboðsmanns Alþingis, svo og rétt fanga til að hafa samband við lögmann.

□ Fangelsismálastofnun skal í samvinnu við fanga gera meðferðar- og vistunaráætlun sem skal endurskoða eftir atvikum meðan á afplánun stendur.

□ Við upphaf afplánunar skal heimila fanga að tilkynna aðstandendum sínum og lögmanni um afplánunina eins fljótt og

auðið er. Þá skal fanga gerð grein fyrir lokum afplánunar og reglum um reynslulausn.

■ **18. gr. Vinna í fangelsi.**

□ Fanga er rétt og skylt, eftir því sem aðstæður leyfa, að stunda vinnu eða aðra viðurkennda starfsemi í fangelsi.

□ Forstöðumaður fangelsis ákveður hvaða vinnu fanga er falið að inna af hendi. Við ákvörðun um vinnu fanga skal tekið tillit til aðstæðna hans og óska eftir því sem unnt er.

□ Fanga er heimilt að útvega sér aðra vinnu en greinir í 1. og 2. mgr. að fengnu samþykki forstöðumanns fangelsis. Forstöðumaður fangelsis getur heimilað fanga að uppfylla vinnuskyldu sína í klefa sínum ef aðstæður leyfa og aðrar ástæður mæla ekki gegn því.

□ Fangi skal vinna alla virka daga nema laugardaga. Vinna skal að jafnaði innt af hendi frá kl. 8 til kl. 17, þó þannig að daglegur vinnutími verði að jafnaði ekki lengri en átta klukkustundir. Vinnu sem tengist rekstri fangelsis má inna af hendi utan dagvinnutíma.

■ **19. gr. Nám og starfsþjálfun.**

□ Fangi skal eiga kost á að stunda nám, starfsþjálfun eða taka þátt í annarri starfsemi sem fram fer í fangelsi eftir því sem unnt er og hann telst hæfur til.

□ Reglubundið nám kemur í stað vinnuskyldu. Hver kennslustund jafngildir einni klukkustund í vinnu.

□ Stundi fangi ekki nám með eðlilegum hætti getur skóla-meistari, að höfðu samráði við forstöðumann, ákveðið að víkja fanga úr námi. Fangelsi útvegar og greiðir fyrir kennslubækur vegna náms í fangelsi og eru þær eign fangelsis.

■ **20. gr. Þóknun og dagpeningar.**

□ Fanga skal greiða þóknun fyrir ástundun vinnu eða náms. Sé ekki unnt að útvega fanga vinnu, eða hann getur samkvæmt læknisvottorði ekki sinnt vinnuskyldu, skal hann fá greidda dagpeninga fyrir þá daga sem hann hefði ella unnið. Fangelsismálastofnun ákveður fjárhæð dagpeninga og skal hún miðast við að fangi eigi fyrir brýnustu nauðsynjum til persónulegrar umhirðu.

□ Fangi sem á kost á vinnu, eða útvegar sér hana sjálfur, fær ekki dagpeninga. Sama gildir um fanga sem vikið er úr vinnu eða neitar að vinna án gildrar ástæðu.

■ **21. gr. Greiðsla skaðabóta.**

□ Þóknun fyrir ástundun vinnu eða náms í fangelsi og dagpeninga fanga má taka til greiðslu á skaðabótum eða öðrum útgjöldum sem fangi verður ábyrgur fyrir meðan á afplánun stendur, þar á meðal fyrir skuldum sem hann hefur stofnað til við fangelsi. Þó skal ekki heimilt að taka meira en helming af þóknun fanga eða fjórðung af dagpeningum til slíkra greiðslna.

■ **22. gr. Heilbrigðisþjónusta í fangelsum.**

□ Í fangelsum skulu fangar njóta sambærilegrar heilbrigðisþjónustu og almennt gildir, auk þeirrar sérstöku heilbrigðisþjónustu sem lög og reglur um fanga segja til um. Að höfðu samráði við fangelsismálastofnun sér heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið um og ber ábyrgð á heilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsum.

■ **23. gr. Dvöl ungbarna í fangelsum.**

□ Eigi kona ungbarn við upphaf afplánunar, eða fæði hún barn í afplánun, má heimila henni í samráði við barnaverndarnefnd að hafa það hjá sér í fangelsi.

■ **24. gr. Fullnusta utan fangelsis.**

□ Fangelsismálastofnun getur leyft fanga að ljúka afplánun utan fangelsis, enda stundi hann vinnu eða nám sem fang-

elsismálastofnun hefur samþykkt og er liður í aðlögun hans að samfélaginu á ný, búi á sérstakri stofnun eða heimili sem stofnunin hefur gert samkomulag við og sé þar undir eftirliti.

□ Fangelsismálastofnun setur nánari reglur um forsendur og skilyrði slíkrar vistunar. Skal fangi samþykkja skriflega skilyrði fyrir vistuninni.

□ Fangi skal sjálfur greiða gjöld sem slík stofnun eða heimili innheimtir hjá vistmönnum.

■ **25. gr. Rof á skilyrðum vistunar utan fangelsis.**

□ Þegar fangi stundar ekki þá vinnu eða nám sem var forsenda vistunar utan fangelsis, eða strjúki hann frá stofnun eða heimili, brjóti reglur þess eða rjúfi skilyrði fyrir vistun, getur fangelsismálastofnun ákveðið að hann verði fluttur aftur í afplánun í fangelsi. Sama gildir telji stofnun eða heimili brostnar forsendur fyrir áframhaldandi dvöl fanga þar.

□ Gefa skal fanga kost á að tjá sig áður en ákveðið er að flytja hann í fangelsi á ný nema brotið sé þess eðlis að flutningur þoli enga bið.

■ **26. gr. Lok afplánunar.**

□ Fangi sem afplánar óskilorðsbundna fangelsisrefsingu skal látinn laus kl. 8 að morgni þess dags sem afplánun lýkur. Heimilt er að láta fanga lausan á öðrum tíma þegar um brottvísun úr landi er að ræða.

□ Fangi sem afplánar vararefsingu fésektá skal látinn laus á sama tíma sólarhrings og afplánun hófst.

■ **27. gr. Samfélagsþjónusta.**

□ Þegar maður hefur verið dæmdur í allt að sex mánaða óskilorðsbundið fangelsi er heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta refsinguna með ólaunaðri samfélagsþjónustu, minnst 40 klukkustundir og mest 240 klukkustundir. Fangelsismálastofnun getur ákveðið að hluti ólaunuðu samfélagsþjónustunnar skuli felast í viðtalsmeðferð, enda nemi hún aldrei meira en einum fimmta hluta samfélagsþjónustunnar.

□ Þegar hluti fangelsisrefsingar er skilorðsbundinn má heildarrefsing samkvæmt dómnum eigi vera lengri en sex mánuðir til að hægt sé að fullnusta refsinguna með samfélagsþjónustu.

□ Þegar um fangelsisrefsingu er að ræða samkvæmt fleiri en einum dómi má samanlögð refsing eigi vera lengri en sex mánuðir til að hægt sé að fullnusta refsinguna með samfélagsþjónustu.

■ **28. gr. Skilyrði samfélagsþjónustu.**

□ Skilyrði þess að samfélagsþjónusta komi til álitu eru:

1. Að dómþoli hafi óskað eftir því skriflega við fangelsismálastofnun eigi síðar en viku áður en hann átti upphaflega að hefja afplánun fangelsisrefsingar.

2. Að dómþoli eigi ekki mál til meðferðar hjá lögreglu, ákærvaldi eða dómstólum þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað.

3. Að dómþoli teljist hæfur til samfélagsþjónustu.

4. Að dómþoli afpláni ekki fangelsisrefsingu eða sæti gæsluvarðhaldi.

□ Áður en metið er hvort dómþoli teljist hæfur til að gegna samfélagsþjónustu og þ.m.t. hvort líklegt sé að hann geti innt samfélagsþjónustuna af hendi skal fara fram athugun á persónulegum högum hans. Mæti dómþoli ekki til viðtals í þessu skyni skal almennt synja beiðni um samfélagsþjónustu.

□ Þegar fangelsisrefsing er fullnustuð með samfélagsþjónustu jafngildir 40 klukkustunda samfélagsþjónusta eins mánaðar fangelsisrefsingu. Hafi gæsluvarðhald komið til frádrátt-

ar fangelsisrefsingu skal taka tillit til þess við útreikning á fjölda klukkustunda.

■ **29. gr. Ákvörðun um samfélagsþjónustu.**

□ Fangelsismálastofnun ákveður hvort fangelsisrefsing verði fullnustuð með samfélagsþjónustu og hvaða samfélagsþjónusta dómþoli sinni í hverju tilviki. Sama gildir um á hve löngum tíma samfélagsþjónusta skuli innt af hendi en sá tími skal þó aldrei vera skemmri en tveir mánuðir.

□ Þegar skal hafna umsókn um samfélagsþjónustu ef umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði skv. 1., 2. og 4. tölul. 1. mgr. 28. gr. Ef sérstakar ástæður mæla með er þó heimilt að víkja frá þeim skilyrðum.

□ Þegar umsókn er tekin til efnislegrar meðferðar skal fresta fullnustu fangelsisrefsingar þar til ákvörðun um afgreiðslu hennar liggur fyrir, enda fremji dómþoli ekki refsiverðan verknað á þeim tíma.

■ **30. gr. Skilyrði í samfélagsþjónustu.**

□ Samfélagsþjónusta skal bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að dómþoli gerist ekki sekur um refsiverðan verknað á þeim tíma sem samfélagsþjónusta er innt af hendi.

2. Að dómþoli sæti umsjón og eftirliti fangelsismálastofnunar eða annars aðila sem hún ákveður þegar samfélagsþjónusta er innt af hendi.

□ Auk þess má ákveða að samfélagsþjónusta verði bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að dómþoli hlíti fyrir mælum umsjónaraðila um dvalarstað, menntun, vinnu, umgengni við aðra menn og iðkun tólmundastarfa.

2. Að dómþoli neyti ekki áfengis eða ávana- og fíkniefna. Heimilt er að krefjast þess að dómþoli undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn skilyrði 2. tölul. Synjun dómþola á slíkri rannsókn gildir sem rof á skilyrðum samfélagsþjónustu.

□ Áður en fullnusta á fangelsisrefsingu með samfélagsþjónustu hefst skal kynna dómþola ítarlega þær reglur sem gilda um samfélagsþjónustu og staðfesting hans fengin á því að hann vilji hlíta þeim. Sama gildir um viðbrögð við brotum á þessum reglum.

■ **31. gr. Rof á skilyrðum samfélagsþjónustu.**

□ Nú rýfur dómþoli skilyrði samfélagsþjónustu eða sinnir henni ekki með fullnægjandi hætti og ákveður þá fangelsismálastofnun hvort skilyrðum hennar skuli breytt, hvort tími sem samfélagsþjónusta er innt af hendi skuli lengdur eða hvort refsing skuli afplánuð í fangelsi.

□ Nú er dómþoli kærður fyrir að hafa framið refsiverðan verknað eða telst ekki lengur hæfur til að gegna samfélagsþjónustu, eftir að ákveðið er að fullnusta fangelsisrefsingu með samfélagsþjónustu, og getur fangelsismálastofnun þá ákveðið að ákvörðun um fullnustu með samfélagsþjónustu verði afturkölluð og að dómþoli afpláni refsinguna í fangelsi.

□ Þegar rof á skilyrðum samfélagsþjónustu eða meint afbrot er hvorki alvarlegt né ítrekað skal veita áminningu áður en ákveðið er að fangelsisrefsing skuli afplánuð í fangelsi.

□ Þegar ákveðið er skv. 1. eða 2. mgr. að fangelsisrefsing skuli afplánuð í fangelsi skal reikna tímalengd eftirstöðva út með hliðsjón af þeirri samfélagsþjónustu sem þegar hefur verið innt af hendi.

□ Þegar eftirstöðvar fangelsisrefsingar sem að hluta hefur verið fullnustuð með samfélagsþjónustu eru afplánaðar í fangelsi er heimilt að veita reynslulausn af eftirstöðvunum

skv. 63. gr. þannig að helmingur og tveir þriðju hlutar reiknist af óafplánuðum eftirstöðvum refsitímans.

### III. kafli. Réttindi og skyldur fanga.

#### ■ 32. gr. *Vistun í klefa.*

□ Fangi skal vera einn í klefa nema sérstakar aðstæður eða húsrými komi í veg fyrir það og skal fangaklefi vera læstur að næturlagi svo sem nánar er tilgreint í reglum fangelsis. Fangelsismálastofnun getur ákveðið að klefar séu ólæstir í tilteknum fangelsum eða fangelsisdeildum eða í öðrum tilvikum þegar sérstakar ástæður mæla með.

#### ■ 33. gr. *Heimsóknir.*

□ Fangi getur fengið heimsóknir í fangelsi, eigi sjaldnar en vikulega eftir aðstæðum í fangelsi.

□ Forstöðumaður fangelsis getur leyft frekari heimsóknir og hvort fleiri en einn mega heimsækja fanga hverju sinni.

□ Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur forstöðumaður ákveðið að heimsóknir tiltekinna manna fari fram undir eftirliti starfsmanns eða í öðrum vistarverum fangelsis, sbr. 34. og 35. gr., eða með því að banna líkamlega snertingu gests og fanga, enda sé ástæða til að ætla að heimsóknin verði misnotuð eða truflfi ró, reglu eða öryggi í fangelsi.

□ Forstöðumaður getur bannað tilteknum mönnum að heimsækja fanga, enda liggi fyrir rökstuddur grunur um þær ástæður sem í 3. mgr. greinir. Slíka ákvörðun skal rökstyðja skriflega.

□ Fangi getur neitað að þiggja heimsóknir annarra en þeirra sem eiga við hann opinber erindi. Munir eða efni sem gestur hefur meðferðis og sem fanga er óheimilt að hafa í fangelsi skulu vera í vörslum fangelsis meðan á heimsókn stendur.

□ Heimilt er að leita á þeim sem heimsækja fanga. Leit getur annars vegar verið í ytri fótum og hins vegar líkamsleit, enda samþykki heimsóknargestur það. Samþykki hann það ekki má láta heimsóknina fara fram með öðrum hætti, sbr. 3. mgr., eða synja um hana, sbr. 4. mgr.

#### ■ 34. gr. *Fyrirkomulag heimsóknna.*

□ Fangi tekur á móti heimsóknnum í heimsóknarherbergi, sé slíkt herbergi til staðar, eða í klefa sínum.

□ Forstöðumaður fangelsis getur ákveðið í sérstökum tilvikum að heimsókn til fanga fari fram í öðrum vistarverum fangelsis. Ákvörðun um það skal bókuð og ástæða tilgreind.

□ Forstöðumanni fangelsis ber að skipuleggja aðstæður þannig að börn geti komið með í heimsóknir og að þeim sé sýnd nærgætni. Þurfi heimsókn að fara fram utan fangelsis vegna hagsmuna barns skal það gert á grundvelli álits barnaverndaryfirvalda eða annarra sérhæfðra aðila.

#### ■ 35. gr. *Eftirlit með heimsóknnum.*

□ Heimsóknir til fanga skulu almennt fara fram án eftirlits.

□ Forstöðumaður fangelsis getur ákveðið að heimsókn skuli fara fram undir eftirliti ef nauðsynlegt þykir til að viðhalda góðri reglu og öryggi í fangelsi eða til að koma í veg fyrir refsiverðan verknad. Slík ákvörðun skal bókuð og rökstudd.

□ Sá sem heimsækir fanga og fangi sjálfur geta óskað eftir því að fangavörður verði viðstaddur heimsókn.

□ Heimsókn lögmanns til fanga skal ávallt vera án eftirlits nema lögmaður óski annars.

□ Heimilt er að rjúfa heimsókn ef það þykir nauðsynlegt til að viðhalda góðri reglu og öryggi í fangelsi eða til að koma í veg fyrir refsiverðan verknad.

#### ■ 36. gr. *Símtöl.*

□ Fangi á rétt á símtölum við fólk utan fangelsis á þeim tímum dags sem reglur fangelsis segja til um. Heimilt er að takmarka fjölda símtala hvers og eins og lengd þeirra ef nauð-

synlegt reynist til að aðrir fangar fái notið þessa réttar. Símtöl til fanga í öðrum fangelsum eru bönnuð nema með samþykki forstöðumanns.

□ Heimilt er að hlusta á símtöl fanga ef það telst nauðsynlegt vegna almenns eftirlits, til að viðhalda góðri reglu og öryggi í fangelsi, til að koma í veg fyrir refsiverðan verknad eða til að vernda þann sem afleiðingar af broti fanga hafa bitnað á og þann sem vitnað hefur gegn fanga.

□ Ákvörðun um að hlusta á símtal skal tilkynnt fanga fyrir fram og ástæður hennar tilgreindar og bókaðar. Heimilt er að setja það skilyrði að símtalið fari fram á tungumáli sem fangavörður skilur en ella þýði túlkur samtalið.

□ Ekki er heimilt að hlusta á símtöl fanga við lögmann, opinbera stofnanir eða umboðsmann Alþingis.

□ Samkvæmt beiðni réttihafa símanúmers getur forstöðumaður fangelsis ákveðið að ekki verði hringt í símanúmerið úr fangelsi.

□ Fangi greiðir sjálfur kostnað við símtöl sín önnur en til lögmanns, dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, umboðsmanns Alþingis og fangelsismálastofnunar.

#### ■ 37. gr. *Bréfaskipti.*

□ Fanga er heimilt að senda og taka við bréfum. Forstöðumaður fangelsis getur ákveðið að opna og lesa bréf til og frá fanga í viðurvist hans til að viðhalda góðri reglu og öryggi í fangelsi, til að fyrirbyggja refsiverðan verknad eða til að vernda þann sem afleiðingar af broti fanga hafa bitnað á og þann sem vitnað hefur gegn fanga. Forstöðumaður getur í sama tilgangi ákveðið að takmarka bréfaskipti fanga við ákveðna aðila eða stöðva sendingu bréfa til og frá fanga. Heimilt er að setja það skilyrði að bréfaskipti fari fram á tungumáli sem fangavörður skilur en annars verði skjalapýðanda falið að þýða bréf.

□ Ekki skal skoða bréfaskipti milli fanga og lögmanns, opinberra stofnana eða umboðsmanns Alþingis.

□ Ákvörðun um að lesa bréf, eða leggja hald á það, skal tilkynnt fanga og ástæður hennar tilgreindar og bókaðar.

□ Þegar fangelsi útvegar bréfséfni eða umslög má það ekki bera með sér stimpil eða önnur einkenni sem af má ráða að sendandi sé vistaður í fangelsi.

□ Fangi skal sjálfur bera kostnað af bréfum sem hann sendir nema til lögmanns, fangelsismálastofnunar, opinberra stofnana eða umboðsmanns Alþingis.

#### ■ 38. gr. *Aðgangur að fjölmiðlum.*

□ Fangi skal að jafnaði eiga kost á að fylgjast með gangi þjóðmála með lestri dagblaða og í gegnum útvarp og sjónvarp.

□ Fangelsismálastofnun ákveður í samráði við forstöðumann fangelsis hvort heimila skuli fjölmiðlaviðtal við fanga. Slíkt skal ekki heimila ef það er andstætt almannahagsmunum eða hagsmunum brotáþola.

#### ■ 39. gr. *Útivera og tómsundur.*

□ Fangi á rétt á útiveru og að iðka tómsundastörf, líkamsrækt og íþróttir í frítíma eftir því sem aðstæður í fangelsi leyfa í að minnsta kosti eina og hálf klukkustund á dag nema það sé ósamrýmanlegt góðri reglu og öryggi í fangelsi.

#### ■ 40. gr. *Erlendir fangar.*

□ Erlendur fangi á rétt á að hafa samband við sendiráð lands síns eða ræðismann þess.

□ Nú er fangi ríkisfangslaus eða flóttamaður og skal fangelsi þá aðstoða hann við að hafa samband við fulltrúa innlendra eða alþjóðlegra stofnana sem gæta hagsmuna slíkra einstaklinga.

□ Erlendur fangi á rétt á túlki þegar honum er gerð grein fyrir réttindum sínum og skyldum í afpláun sé þess þörf. Hann á jafnframt rétt á að hafa samband við lögmann sinn með aðstoð túlks þegar þurfa þykir.

■ **41. gr. Trúariðkun.**

□ Fangi skal eiga kost á að hafa samband við prest eða annan sambærilegan fulltrúa skráðs trúfélags.

■ **42. gr. Munir í klefa.**

□ Forstöðumaður fangelsis getur leyft fanga, í samræmi við reglur fangelsis, að hafa í klefa sínum eigin tölvu, þó án nettengingar, tölvuprentara, hljómflytningstæki, útvarpstæki, sjónvarpstæki o.fl. Fanga er óheimilt að hafa síma eða önnur fjarskiptatæki í klefa sínum.

□ Fanga er óheimilt að hafa í vörslum sínum áfengi eða ávana- og fíkniefni.

□ Fanga er heimilt að hafa peninga í fórum sínum eða í klefa sínum, þó ekki hærrí fjárhæð en sem svarar þóknun fangans á einum mánuði. Fangi skal eiga kost á því að frekari fjármunir séu geymdir í vörslum fangelsis.

■ **43. gr. Talsmenn fanga.**

□ Fangar geta kosið sér talsmenn til að vinna að málefnum fanga og til að koma fram fyrir þeirra hönd.

**IV. kafli. Leyfi úr fangelsi.**

■ **44. gr. Reglubundin dagsleyfi.**

□ Forstöðumaður fangelsis getur að fengnu samþykki fangelsismálastofnunar veitt fanga sem afplánar refsingu reglubundin dagsleyfi til dvalar utan fangelsis til að vera með fjölskyldu sinni eða vinum ef slíkt telst heppilegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa fanga undir að ljúka afpláun. Slíkt leyfi skal vera 14 klukkustundir að hámarki og skal að jafnaði veitt frá kl. 7 að morgni til kl. 22 að kvöldi sama dags. Heimilt er að lengja leyfið ef fangi á sannanlega um langan veg að fara til heimilis síns.

□ Í beiðni um leyfi skal fangi upplýsa hvernig hann hyggst verja leyfinu eða hvern hann hyggst heimsækja. Áður en leyfi er veitt er heimilt að leita staðfestingar hjá viðkomandi á því að heimsókn geti átt sér stað.

□ Leyfi samkvæmt þessari grein kemur fyrst til skoðunar þegar fangi hefur samfellt afplánað þriðjung refsítímans í fangelsi, þó ekki skemmri tíma en eitt ár. Þegar fangi hefur verið samfellt í fjögur ár í fangelsi er heimilt að veita honum slíkt leyfi þótt þriðjungur refsítímans sé ekki liðinn.

□ Dagsleyfi má veita á ný ef liðinn er einn mánuður frá síðasta leyfi.

□ Nú fer afpláun fram utan fangelsis skv. 24. gr. og er þá heimilt að setja það skilyrði að fanga skuli ekki veitt dagsleyfi samkvæmt þessari grein.

■ **45. gr. Ákvörðun um dagsleyfi.**

□ Taka skal tillit til afbrots og sakar- og afplánunarferils þess fanga sem í hlut á við ákvörðun dagsleyfis. Einnig skal taka tillit til hegðunar hans í fangelsi og þess hvort hann hafi notfært sér meðferðarúrræði sem til boða hafa staðið í fangelsi.

□ Nú hefur fangi verið dæmdur í síðasta refsíðomi eða áður fyrir manndráp, ofbeldis- eða kynferðisbrot, meiri háttar fíkniefnabrot, brennu eða annað almennt hættubrot, eða auðgunarbrot framið með ofbeldi eða hótun um ofbeldi, og skal þá sýna sérstaka gát við mat á því hvort fanga skuli veitt leyfi til dvalar utan fangelsis. Sama gildir ef mál þar sem viðkomandi fangi er grunaður um eða ákærður fyrir slíkt brot er til meðferðar hjá lögreglu, dómstólum eða ákærvaldi og

einnig ef fangi telst síbrotamaður eða hætta er á að hann muni misnota leyfi eða reyna að komast úr landi.

□ Nú hefur fangi strokið úr afpláun eða gæsluvarðhaldi og skulu þá líða að minnsta kosti tvö ár þar til unnt er að veita fanga slíkt leyfi. Hafi fangi framið refsiverðan verknað í fyrria dagsleyfi eða að öðru leyti misnotað slíkt leyfi skal leyfi eigi veitt fyrir en að minnsta kosti átta mánuðir eru liðnir frá slíku atviki. Nú verður fangi uppvís að neyslu áfengis eða ávana- og fíkniefna eða hann hefur framið agabrot í fangelsi eða utan þess og kemur þá leyfi til dvalar utan fangelsis að jafnaði eigi til greina fyrir en að sex mánuðum liðnum frá slíku atviki.

■ **46. gr. Skammtímaleyfi.**

□ Forstöðumaður fangelsis getur að fengnu samþykki fangelsismálastofnunar veitt fanga skammtímaleyfi til dvalar utan fangelsis í þeim tilgangi:

1. að heimsækja náinn ættingja eða annan nákominn í fjölskyldu fanga sem er alvarlega sjúkurlað að fengnu samþykki viðkomandi eða hans nánasta aðstandanda,

2. að vera viðstaddur jarðarför eða kistulagningu náins ættingja eða annars nákomins í fjölskyldu fanga; þó getur fangi verið viðstaddur bæði kistulagningu og jarðarför maka síns, niðja eða foreldris,

3. að vera viðstaddur fæðingu, skírni eða fermingu barns síns,

4. að gæta sérstaklega brýnna persónulegra hagsmuna sinna.

□ Ekki skal veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. nema fyrir liggi fullnægjandi gögn um þar til greindar aðstæður. Slíkt leyfi skal vera átta klukkustundir að hámarki. Lengja má þann tíma þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, svo sem þegar um langan veg er að fara. Þó skulu skammtímaleyfi aldrei vera lengri en nauðsyn krefur.

□ Með nánnum ættingja og öðrum nákomnum í fjölskyldu fanga í 1. og 2. tölul. 1. mgr. er átt við maka, sambúðar-maka, niðja, stjúpbörn, fósturbörn, foreldra, tengdaforeldra, systkin, systkinabörn, föður- og móðurforeldra og föður- og móðursystkin.

□ Forstöðumaður fangelsis ákveður í samráði við fangelsismálastofnun hvernig gæslu á fanganum skuli hagað í leyfinu.

■ **47. gr. Nám, vinna eða starfsþjálfun utan fangelsis.**

□ Fangelsismálastofnun getur veitt fanga sem afplánar refsingu leyfi til dvalar utan fangelsis til að stunda nám, vinnu eða starfsþjálfun ef það telst heppilegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa fanga undir að afpláun ljúki. Forstöðumaður fangelsis ákveður í samráði við fangelsismálastofnun hvernig gæslu á fanganum skuli hagað í leyfinu. Slíkt leyfi er að jafnaði ekki veitt fyrir en fangi hefur afplánað þriðjung refsítímans, þó að lágmarki eitt ár. Þegar fangi hefur verið samfellt í fjögur ár í fangelsi er heimilt að veita honum slíkt leyfi þótt þriðjungur refsítímans sé ekki liðinn.

□ Áður en leyfi til dvalar utan fangelsis skv. 1. mgr. er veitt skal liggja fyrir staðfest stundaskrá og skrifleg staðfesting skóla eða vottorð vinnuveitanda eða þess sem veitir starfsþjálfun um að fangi geti hafið og stundað nám, vinnu eða starfsþjálfun þann tíma sem fyrirhugað er að leyfið gildi. Þá skal gengið úr skugga um að þessum aðilum sé ljóst að um fanga sé að ræða sem afpláni refsingu og þeim gerð grein fyrir reglum og skilyrðum sem gilda um leyfið.

■ **48. gr. Skilyrði í leyfi.**

□ Eftirtalin skilyrði eru fyrir leyfi til dvalar utan fangelsis:

1. að fangi neyti ekki eða hafi í vörslu sinni áfengi, ávana- og fíkniefni eða önnur lyf sem honum eru ekki ætluð,

2. að fangi fari ekki af landi brott í leyfinu,

3. að fangi geri eða fari ekki annað í leyfinu en samræmist tilgangi þess.

Auk þessa er heimilt að setja eftirtalin skilyrði fyrir leyfi til dvalar utan fangelsis:

1. að fangi láti í té öndunarsýni við endurkomu í fangelsið eða blóð- og þvagsýni fyrir og eftir leyfið,

2. að fangi gangist undir líkamsleit við endurkomu í fangelsið,

3. að fangi skuli ekki, ef tillit til brotaþola eða nánustu aðstandenda eða eðli eða grófleiki brotsins mæla með, koma á ákveðna staði eða hafa samband við ákveðna menn í leyfinu,

4. að fanginn skuli tilkynna sig til lögreglu eða fangelsismálayfirvalda,

5. að tilteknir einstaklingar sæki fangann og aki honum aftur í fangelsi.

Heimilt er að setja frekari skilyrði fyrir leyfi til dvalar utan fangelsis.

Tilgreina skal hvenær fanganum er heimilt að yfirgefa fangelsið og hvenær hann skal vera kominn aftur í fangelsið. Fangi skal tilkynna fangelsinu svo fljótt sem auðið er ef slys, sjúkdómur eða önnur sambærileg atvik gera honum ókleift að koma úr leyfinu á tilsettum tíma.

■ **49. gr. Umsókn um leyfi.**

Nú óskar fangi eftir leyfi til dvalar utan fangelsis og skal hann þá sækja um það skriflega til forstöðumanns fangelsis.

Þegar fanga er veitt leyfi til dvalar utan fangelsis skal afhenda honum skírteini sem greinir skilyrði fyrir leyfisveitingunni, hvaða reglur gilda um leyfið að öðru leyti og hverju það varðar að rjúfa skilyrði leyfisins.

Óheimilt er að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis nema hann undirriti skriflega yfirlýsingu um að hann vilji hlíta þeim reglum og skilyrðum sem gilda um leyfið.

■ **50. gr. Kostnaður.**

Fangi ber sjálfur kostnað af leyfi til dvalar utan fangelsis. Fangi skal þó ekki bera kostnað af fylgd fangavarda.

■ **51. gr. Afturköllun leyfis og rof á skilyrðum þess.**

Heimilt er að afturkalla leyfi til dvalar utan fangelsis vegna hegðunar fanga eða annarra atvika sem verða eftir að ákvörðun um leyfi er tekin og áður en leyfi kemur til framkvæmda og hefðu komið í veg fyrir leyfisveitinguna ef þau hefðu þá verið kunn. Sama á við ef rökstudd ástæða er til að ætla að fangi muni misfara með leyfið.

Nú rýfur fangi skilyrði leyfis til dvalar utan fangelsis eða brýtur gegn þeim reglum sem um leyfið gilda og getur þá sá sem leyfið veitti fellt það niður. Slík brot gegn skilyrðum leyfis eða reglum þess geta varðað agaviðurlögum skv. VI. kafla.

**V. kafli. Leit, líkamsleit og líkamsrannsókn.**

■ **52. gr. Leit í klefa.**

Forstöðumaður fangelsis tekur ákvörðun um leit í klefa fanga ef grunur leikur á að þar sé að finna muni eða efni sem:

1. refsivert er að hafa í vörslum sínum,

2. hafa orðið til við refsiverðan verknað,

3. smyglað hefur verið inn í fangelsið,

4. fanga er óheimilt að hafa í vörslum sínum eða í klefa samkvæmt reglum fangelsis.

Einnig má leita í klefa fanga vegna almenns eftirlits og skoða klefa að öðru leyti þótt skilyrði 1. mgr. séu ekki uppfyllt.

Fangi skal að jafnaði vera viðstaddur leit í klefa. Heimilt er þó að víkja frá þessu skilyrði. Gera skal skýrslu um leitina og þá muni eða efni sem kunna að hafa fundist og fanga er óheimilt að hafa í klefa.

Fanga skal skýrt frá ástæðum fyrir leit í klefa áður en hún fer fram nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Ákvörðun um leit í klefa fanga skal tekin með rökstuddri bókun.

■ **53. gr. Leit á fanga.**

Leita má á fanga og í fötum hans við komu í fangelsi, eftir heimsóknir og við almennt eftirlit til þess að koma í veg fyrir að hann hafi í vörslum sínum muni eða efni sem getið er í 1. mgr. 52. gr.

Leit á fanga innanklæða skal gerð af fangelsisstarfsmanni sama kyns.

■ **54. gr. Líkamsrannsókn.**

Forstöðumaður tekur ákvörðun um líkamsrannsókn á fanga ef grunur leikur á að hann hafi falið í líkama sínum muni eða efni sem getið er í 1. mgr. 52. gr. Einnig má taka blóð- og þvagsýni úr fanga ef grunur leikur á að hann hafi neytt áfengis eða ávana- og fíkniefna, við komu í fangelsi og við almennt eftirlit.

Læknir eða hjúkrunarfræðingur annast líkamsrannsókn og töku blóðsýnis.

Nú fer fram líkamsrannsókn og skal gerð skýrsla um tilfni hennar og framkvæmd.

Ákvörðun um líkamsrannsókn á fanga skal taka með rökstuddri bókun.

■ **55. gr. Stjórnsýslukæra.**

Stjórnsýslukæra frestar ekki aðgerðum samkvæmt þessum kafla.

**VI. kafli. Agabrot, agaviðurlög o.fl.**

■ **56. gr. Agabrot.**

Forstöðumaður fangelsis getur beitt fanga agaviðurlögum vegna brota á lögum þessum og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra og kveða á um skyldur fanga, enda komi fram að brot á þeim varði agaviðurlögum.

■ **57. gr. Agaviðurlög.**

Agaviðurlög eru eftirtalin:

1. Skrifleg áminning.

2. Svipting helmings þóknunar fyrir ástundun vinnu og náms um ákveðinn tíma.

3. Svipting aukabúnaðar sem sérstakt leyfi þarf fyrir og takmörkun heimsóknna, símtala og bréfaskipta.

4. Einangrun í allt að 15 daga.

Aðeins er heimilt að beita einangrun sem agaviðurlögum vegna eftirfarandi brota eða tilrauna til brota:

1. Stroks.

2. Smygls í fangelsi, vörslu eða neyslu áfengis, ólöglegra lyfja eða fíkniefna og vörslu vopna eða annarra skaðlegra hluta.

3. Ofbeldis eða hótunar um ofbeldi gagnvart öðrum föngum eða starfsmönnum fangelsis.

4. Grófra skemmdarverka.

5. Annarra grófra eða endurtekinna minni háttar brota.

Nú er brot smávægilegt og fangi hefur ekki áður framið agabrot og má þá eingöngu beita skriflegri áminningu.

Beita má fleiri en einni tegund agaviðurlaga samtímis.

Áður en ákvörðun um agaviðurlög er tekin skulu málsatvik rannsökuð og skal fanga gefinn kostur á að kynna sér

fyrirliggjandi gögn og koma sjónarmiðum sínum um þau á framfæri.

□ Ákvörðun um agaviðurlög skal rökstudd, bókuð og birt fanga í viðurvist vitnis.

■ **58. gr. Aðskilnaður.**

□ Heimilt er að aðskilja fanga frá öðrum föngum þegar það er nauðsynlegt:

1. af öryggisástæðum,
2. vegna yfirvofandi hættu sem lífi eða heilbrigði hans er búin,
3. vegna hættu á að fangi valdi meiri háttar spjöllum á eignum fangelsis,
4. til að koma í veg fyrir strok,
5. til að koma í veg fyrir að fangi hvetji aðra til að brjóta reglur fangelsis,
6. til að hindra að fangi taki þátt í að útvega sér eða öðrum áfengi, önnur vímuefni eða lyf,
7. til að afstýra að hann beiti aðra fanga yfirgangi.

□ Aðskilnaður skal ekki standa lengur en nauðsyn krefur og aldrei lengur en 24 tíma.

□ Ákvörðun um tímabundinn aðskilnað skal rökstudd og bókuð. Slík ákvörðun sætir ekki kærui.

■ **59. gr. Vistun í öryggisklefa.**

□ Vista má fanga í öryggisklefa ef nauðsyn krefur til að koma í veg fyrir ofbeldi, hemja ofbeldisfullan mótþróa hans eða hindra að hann skaði sjálfan sig eða aðra.

□ Þegar fangi er vistaður í öryggisklefa má nota belti, hanska og fót- og handreimar.

□ Forstöðumaður fangelsis tekur ákvörðun um vistun fanga í öryggisklefa. Vistun í öryggisklefa og aðrar aðgerðir sem beitt er í tengslum við hana skulu aldrei standa lengur en samræmist tilgangi vistunar og beitingu annarra aðgerða.

□ Ákvörðun um vistun í öryggisklefa skal rökstudd og bókuð. Þá skal ákvörðunin birt fanganum í viðurvist vitnis þegar aðstæður leyfa.

■ **60. gr. Læknisskoðun.**

□ Þegar einangrun skv. 57. gr. eða aðskilnaði skv. 58. gr. er beitt, eða fangi settur í öryggisklefa skv. 59. gr., skal kalla til lækni til að skoða fanga. Ef unnt er skal læknir skoða fanga í einangrun eða öryggisklefa daglega.

■ **61. gr. Málsmeðferð.**

□ Ákvarðanir um agaviðurlög skv. 57. gr. og vistun í öryggisklefa skv. 59. gr. sæta kærui til dómsmálaráðuneytisins og skal skýra fanga frá því um leið og ákvörðun er birt. Þegar ákvörðun er kærð skulu gögn málsins þegar send ráðuneytinu. Ráðuneytið skal taka ákvörðun innan fjögurra virkra daga frá því að kærui barst, ella fellur hin kærða ákvörðun úr gildi. Berist kærui utan afgreiðslutíma ráðuneytisins telst hún hafa borist því við upphaf næsta virkra dags.

■ **62. gr. Haldlagning og upptaka.**

□ Forstöðumaður fangelsis getur tekið ákvörðun um að leggja hald á og eftir atvikum gera upptæka muni eða efni sem óheimilt er að koma með, varðveita eða búa til í fangelsi. Sama gildir um muni eða peninga sem reynt hefur verið að smygla til fanga. Ekki er þó heimilt að gera upptæka eign grandlauss þriðja manns.

□ Forstöðumaður fangelsis getur einnig tekið ákvörðun um upptöku muna eða peninga sem finnast innan fangelsis ef ekki er vitað hver er eigandi þeirra.

**VII. kafli. Reynslulausn.**

■ **63. gr. Skilyrði reynslulausnar.**

□ Þegar fangi hefur afplánað tvo þriðju hluta refsítímans

getur fangelsismálastofnun ákveðið að hann skuli látinn laus til reynslu.

□ Heimilt er að veita þeim fanga, sem ekki afplánar refsingu fyrir alvarlegt eða að öðru leyti gróft afbrot, lausn til reynslu þegar helmingur refsítímans er liðinn. Þá er heimilt að veita fanga lausn til reynslu þegar helmingur refsítímans er liðinn, þrátt fyrir að hann afpláni refsingu fyrir alvarlegt eða að öðru leyti gróft afbrot, ef mjög sérstakar persónulegar ástæður mæla með því og framkoma og hegðun fanga í refsivistinni hefur verið með ágætum. Sama gildir liggja fyrir ákvörðun Útlendingastofnunar um að fanga verði vísað úr landi að afplánun lokinni. Nú hefur fangi tvívegis eða oftar afplánað fangelsisrefsingu og verður honum þá ekki veitt reynslulausn samkvæmt þessari málsgrein nema sérstakar ástæður mæli með.

□ Fanga, sem á mál til meðferðar hjá lögreglu, ákærvaldi eða dómstólum þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað, verður að jafnaði ekki veitt reynslulausn, enda sé málið rekið með eðlilegum hætti og dráttur á því ekki af völdum fangans.

□ Fanga, sem telst vera síbrotamaður eða sem ítrekað hefur verið veitt lausn til reynslu og rofið skilyrði hennar, skal ekki veitt reynslulausn á ný nema sérstakar ástæður mæli með. Sama gildir þegar reynslulausn telst óráðleg vegna haga fangans eða með tilliti til almannahagsmuna, svo sem þegar hann hefur sýnt af sér mjög ámælisverða hegðun í afplánun eða er talinn hættulegur öðrum samkvæmt mati fagaðila. Nú er fanga synjað um reynslulausn samkvæmt þessari málsgrein og skal þá kynna honum hvaða skilyrði hann þurfi að uppfylla svo að unnt sé að endurskoða ákvörðunina.

□ Það er skilyrði reynslulausnar að fangi lýsi því yfir að hann vilji hlíta þeim skilyrðum sem sett eru fyrir reynslulausn. Þegar fangi fær lausn til reynslu skal afhenda honum skírteini er greini skilyrði fyrir reynslulausn og hverju skil-orðsrof varði.

□ Þegar hluti fangelsisrefsingar er óskilorðsbundinn en hluti skilorðsbundinn verður reynslulausn ekki veitt. Sama gildir þegar fangi afplánar vararefsingu fésektar.

□ Nú hefur dómþoli ekki hafið afplánun og er þá heimilt að veita honum reynslulausn af refsingunni ef hann hefur áður afplánað að minnsta kosti jafnlanga refsingu og refsingin er einvörðungu vegna afbrota sem framin eru fyrir þá afplánun og hann hefur ekki verið dæmdur fyrir afbrot framin eftir að þeirri afplánun lauk. Sama gildir ef dómþoli hefur þegar hafið afplánun.

■ **64. gr. Skilyrði á reynslutíma.**

□ Reynslutími skal vera allt að þremur árum. Nú er óafplánað fangelsi lengra en þrjú ár og má þá ákveða reynslutíma allt að fimm árum.

□ Það er skilyrði reynslulausnar að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á reynslutíma. Auk þess má ákveða að reynslulausn verði, allan eða nánar tiltekinn hluta reynslutímans, bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að aðili sé háður umsjón og eftirliti fangelsismálastofnunar eða annars aðila sem hún ákveður.

2. Að aðili neyti ekki áfengis eða ávana- og fíkniefna.

3. Að aðili hlíti fyrir mælum umsjónaraðila um dvalarstað, menntun, vinnu, umgengni við aðra menn og iðkun tólmundastarfa.

4. Að aðili sæti sérstakri meðferð innan eða utan stofnunar. Vistun á stofnun getur þó ekki staðið lengur en til loka refsítíma.

□ Fangelsismálastofnun tekur ákvarðanir skv. 1. og 2. mgr. og getur vegna breyttra ástæðna fellt skilyrði niður að nokkru leyti eða öllu.

□ Nú sætir aðili skilyrði skv. 2. tölul. 2. mgr. og er þá heimilt að krefjast þess að hann undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn skilyrðinu.

■ **65. gr. Skilorðsrof.**

□ Nú fremur maður nýtt brot eftir að hann hlýtur reynslulausn og rannsókn hefst hjá lögreglu gegn honum sem sakborningi fyrir lok reynslutíma, og ákveður þá dómstóll sem fjallar um mál þetta refsingu í einu lagi fyrir brot það sem nú er dæmt um og svo með hlíðsjón af fangelsisrefsingu sem óafplánuð er samkvæmt reglum 60. gr. almennra hegningarlaga þannig að fangelsi samkvæmt eldra dómi er virt með sama hætti og skilorðsdómur.

□ Að kröfu ákæranda getur þó dómstóll úrskurðað að maður, sem hlotið hefur reynslulausn, skuli afplána eftirstöðvar refsingar ef hann á reynslutíma rýfur gróflega almennt skilyrði reynslulausnar, enda liggi fyrir sterkur grunur um að hann hafi framið nýtt brot sem varðað getur sex ára fangelsi eða að brotið varði við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Við meðferð slíkrar kröfu skal dómari skipa honum verjanda að ósk hans og fara með málið eftir 1. mgr. 105. gr. laga um meðferð opinberra mála eftir því sem við á. Heimilt er að kæra úrskurð dómara skv. 1. málsl. til Hæstaréttar og skal við meðferð kærumálsins farið eftir reglum XVII. kafla laga um meðferð opinberra mála eftir því sem við á. Kæra frestar ekki framkvæmd úrskurðar. Dómari skal víkja sæti eftir útgáfu ákæru ef hann hefur áður úrskurðað mann, sem ákærður er í málinu, skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.

□ Rjúfi maður skilorð að öðru leyti getur fangelsismálastofnun ákveðið hvort breytt skuli skilyrðum og reynslu- og eða tilsjónartími lengdur allt að lögmæltu hámarki hans eða hann taki út refsingu sem eftir stendur.

□ Nú er ekki tekin ákvörðun um að maður afpláni fangelsisrefsingu sem hann átti ólokið, sbr. 1.–3. mgr., og telst refsingu þá fullnægt á því tímamarki sem hann fékk reynslulausn.

□ Nú er ákveðið að láta mann taka út eftirstöðvar fangelsisrefsingar, sbr. 2. og 3. mgr., og má þá veita reynslulausn á ný þótt eigi sé fullnægt skilyrðum 1. og 2. mgr. 63. gr. Í þessu tilviki gilda ákvæði 64. gr. um reynslutíma en þó þannig að dreginn skal frá sá tími sem hann hefur notið reynslulausnar áður.

□ Nú er maður sem sætt hefur nokkrum hluta fangelsisrefsingar náðaður skilorðsbundið, og er þá heimilt að setja honum þau skilyrði að hann hlíti ákvæðum 1.–4. mgr.

**VIII. kafli. Skilorðsbundnar refsingar.**

■ **66. gr. Tilhögun eftirlits.**

□ Þegar mælt er fyrir um eftirlit með þeim sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið eða fá náðun fer fangelsismálastofnun með eftirlitið eða felur það öðrum.

□ Nú hefur aðila verið sett skilyrði um dvöl á hæli skv. 4. tölul. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga og getur fangelsismálastofnun þá vegna breyttra ástæðna fellt skilyrðið niður að nokkru leyti eða öllu, að fengnum tillögum forstöðumanns hælis, ef því er að skipta.

■ **67. gr. Veiting upplýsinga.**

□ Fangelsismálastofnun gerir dómþola grein fyrir því hvað felist í því að sæta eftirliti. Dómþola ber að upplýsa fangels-

ismálastofnun um hagi sína og ber að hlíta því sem fyrir hann er lagt af hálfu fangelsismálastofnunar.

■ **68. gr. Sértaek skilyrði.**

□ Nú hefur aðila verið sett skilyrði um að neyta ekki áfengis eða ávana- og fíkniefna og getur þá fangelsismálastofnun krafist þess að dómþoli undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn skilyrðinu.

■ **69. gr. Rof á skilyrðum.**

□ Telji fangelsismálastofnun að sá sem sætir eftirliti hafi rofið skilyrði þau sem honum var gert að hlíta með dómi eða ákærufrestun skal fangelsismálastofnun gera lögreglu og ákærvaldi viðvart.

□ Eftirliti fangelsismálastofnunar með því að dómþoli haldi sérstök skilyrði samkvæmt dómi eða ákærufrestun lýkur þegar opinber rannsókn á meintum skilorðsrofum dómþola hefst hjá lögreglu. Falli rannsókn hjá lögreglu niður hefst eftirlit fangelsismálastofnunar samkvæmt þessari grein að nýju.

**IX. kafli. Fullnusta fésekta, innheimta sakarkostnaðar og framkvæmd upptöku.**

■ **70. gr. Innheimta sekta.**

□ Lögreglustjórar annast innheimtu sekta sem ákvarðaðar eru af dómstólum eða stjórnvöldum nema annað komi fram í viðkomandi sektarákvörðun. Dómsmálaráðherra er þó heimilt að ákveða að innheimta sekta og sakarkostnaðar verði á hendi eins lögreglustjóra eða annars aðila á landsvísi.<sup>1)</sup>

□ Heimilt er að leyfa að sekt sé greidd með afborgunum. Eigi skal þó veita lengri greiðslufrest en eitt ár frá því að sekt kemur til innheimtu. Heimilt er að veita lengri greiðslufrest ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

□ Hafi greiðsla sektar ekki farið fram á tilskildum tíma skal þegar innheimta hana eða eftirstöðvar hennar með fjárnámi nema fyrir liggi að viðkomandi sé eignalaus.

□ Ekki er leyfilegt, án sérstakrar lagaheimildar, að krefjast greiðslu sektar úr dánarbúi sökunauts né að innheimta sekt hjá nokkrum öðrum en sökunaut sjálfum.

□ Sökunautur sem gerð hefur verið sekt getur ekki krafist aðra um endurgreiðslu eða bætur vegna greiðslu sektarinnar.

<sup>1)</sup> Rg. 208/2006.

■ **71. gr. Vararefsing.**

□ Nú telur lögreglustjóri að innheimtuáðgerðir séu þýðingarlauðar eða fullreyndar og skal hann þá ákveða að vararefsingu verði beitt. Að höfðu samráði við fangelsismálastofnun skal sektarþola send tilkynning um fyrirhugaða afplánun vararefsingar. Tilkynningu skal senda með sannanlegum hætti.

□ Nú hefur hluti sektar verið greiddur og ákveður lögreglustjóri þá styttingu afplánunartíma að sama skapi en þó þannig að afplánunartíminn verði ekki styttri en tveir dagar og að sektarfjárhæð sem svarar til hluta úr degi afplánist með heilum degi.

■ **72. gr. Fullnusta vararefsingar með samfélagsþjónustu.**

□ Nú innheimtist fésekt ekki sem er 60.000 kr. eða hærri og lögreglustjóri hefur ákveðið að maður skuli afplána vararefsingu hennar, og er þá heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta vararefsinguna með ólaunaðri samfélagsþjónustu, minnst 40 klukkustundir.

□ Um lengd fullnustu vararefsingar með samfélagsþjónustu gilda ákvæði 3. mgr. 28. gr.

□ Nú hefur umsækjandi fengið fimm eða fleiri sektir fyrir sambærileg brot og skal þá að jafnaði synja um samfélagsþjónustu.



Fullnusta vararefsingar með samfélagsþjónustu hefst þegar sektarþoli gengst skriflega undir skilyrði samfélagsþjónustu.

■ **73. gr. Umsókn um samfélagsþjónustu.**

Ákvæði II. kafla um samfélagsþjónustu gilda þegar vararefsing samkvæmt þessum kafla er fullnustuð með samfélagsþjónustu að öðru leyti en því að í stað þess að umsókn um afplánun vararefsingar með samfélagsþjónustu sé send fangelsismálastofnun skal sektarþoli senda lögreglustjóra slíka umsókn skriflega eigi síðar en sjö dögum eftir að honum barst tilkynning um fyrirhugaða afplánun vararefsingar.

Þegar lögreglustjóra berst umsókn um fullnustu vararefsingar með samfélagsþjónustu skal hann framsenda fangelsismálastofnun umsóknina til ákvörðunar ásamt gögnum máls og umsögn sinni.

■ **74. gr. Innheimta sakarkostnaðar.**

Lögreglustjóri, eða annar aðili samkvæmt ákvörðun dómismálaráðherra, sbr. 70. gr., annast innheimtu sakarkostnaðar.

Um innheimtu sakarkostnaðar gilda ákvæði 70. og 71. gr. eftir því sem við á.

■ **75. gr. Framkvæmd eignaupptöku.**

Lögreglustjóri annast framkvæmd eignaupptöku.

Nú er það sem gert hefur verið upptækt í vörslu lögreglu og skal lögreglustjóri ráðstafa því ef ætla má að það hafi verðgildi umfram kostnað við sölu. Að öðrum kosti skal eyða því sem gert hefur verið upptækt.

**X. kafli. Málsmeðferð og kærueimildir.**

■ **76. gr. Kæruleiðir og aðgangur að gögnum.**

Þegar forstöðumaður fangelsis tekur ákvörðun að höfðu samráði við fangelsismálastofnun samkvæmt ákvæðum laga þessara er slík ákvörðun kæránleg til ráðuneytis.

Fangi á ekki rétt á aðgangi að málgögnum sem innihalda upplýsingar um aðra fanga eða öryggisatriði viðkomandi fangelsis.

Heimilt er að halda gögnum og upplýsingum frá fanganum ef slíkt telst nauðsynlegt með tilliti til öryggis fangelsis, brotaþola, vitna eða annarra sem tengjast máli fanga, annarra fanga, rannsóknar sakamáls eða annarra sérstakra ástæðna.

**XI. kafli. Ýmis ákvæði.**

■ **77. gr. Gæsluvarðhaldsfangar.**

Ákvæði V. og VI. kafla gilda einnig um gæsluvarðhaldsfanga.

Eftir því sem við getur átt gilda ákvæði II., III. og IV. kafla einnig um gæsluvarðhaldsfanga svo framarlega sem annað leiðir ekki af takmörkunum sem gæsluvarðhaldsfanga er gert

að sæta á grundvelli laga um meðferð opinberra mála. Þó ber gæsluvarðhaldsfanga ekki að stunda vinnu í fangelsi.

■ **78. gr. Náðunarnefnd.**

Dómismálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, náðunarnefnd, svo og þrjú varamenn, til þriggja ára í senn. Formaður nefndarinnar og varaformaður skulu uppfylla skilyrði laga til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Nefndin skal láta ráðherra í té rökstudda tillögu um afgreiðslu á erindum sem til hans er skotið vegna ákvörðunar fangelsismálastofnunar um samfélagsþjónustu og reynslulausn, svo og um afgreiðslu náðunarbeiðna.

■ **79. gr. Vinnsla persónuupplýsinga.**

Hjá fangelsismálastofnun og í fangelsum er vinnsla persónuupplýsinga um fanga heimil, þar á meðal þeirra upplýsinga sem viðkvæmar geta talist, að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg vegna starfsemi viðkomandi stofnunar. Um meðferð persónuupplýsinga samkvæmt þessari grein fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

■ **80. gr. Reglugerðarheimildir.**

Dómismálaráðherra setur reglugerð<sup>1)</sup> um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal reglur um fangelsismálastofnun og hlutverk hennar, t.d. um vinnslu persónuupplýsinga í stofnuninni og í fangelsum. Í reglugerð er einnig heimilt að mæla fyrir um vinnu og nám fanga, um greiðslu og fjárhæð þóknunar fyrir vinnu og nám, um leyfi til dvalar utan fangelsis og um viðtöl við fanga og talsmenn fanga í fjölmiðlum.

Þá er ráðherra heimilt að kveða í reglugerð<sup>2)</sup> nánar á um önnur atriði er varða framkvæmd ákvæða um réttindi og skyldur fanga, fyrirkomulag og framkvæmd einangrunar, agaviðurlög, haldlagningu og upptöku muna, svo og um veitingu reynslulausnar, þar á meðal útfærslu skilyrða reynslulausnar.

Fangelsismálastofnun setur reglur fangelsa.

<sup>1)</sup> Rg. 961/2005 (um fullnustu refsinga). <sup>2)</sup> Rg. 316/1977 (um nýtingu fangelsa í Reykjavík). Rg. 112/1978 (um ríkisfangelsisdeild í lögreglustöðinni á Akureyri). Rg. 584/1981 (um vistun fanga að Bitru í Hraungerðishreppi). Rg. 829/1999 (um ein-kennisfatnað fangavarda og forstöðumanna fangelsa o.fl.). Rg. 304/2000 (um menntun fangavarda o.fl.).

■ **81. gr. Refsiákvæði.**

Sá sem smygjar eða reynir að smygla til fanga munum eða efnum sem getið er í 1. mgr. 52. gr. og hann veit eða má vita að fanga er óheimilt að hafa í fangelsi skal sæta sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

■ **82. gr. Gildistaka.**

Lög þessi taka gildi 1. júlí 2005.

...